Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Kaldársel ehf.***Kt.:* 460420-0670.*Heimili og varnarþing:* **Lækjargötu 34d, 220 Hafnarfjörður.***Dagsetning samþykktar er:* 28. febrúar 2020.*Stofnendur:* Páll Bergþór Guðmundsson, kt. 120966-4649, Smárahvammi 18, 220 Hafnarfjörður.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 28. febrúar 2020.*Stjórnarmaður:* Páll Bergþór Guðmundsson. *Varastjórn:* Guðmundur Freyr Pálsson, kt. 080787-2359, Álfabergi 24, 221 Hafnarfjörður.*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.*Framkvæmdastjórn:* Páll Bergþór Guðmundsson.*Prókúruumboð:* Páll Bergþór Guðmundsson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Endurskoðun og ráðgjöf ehf., kt. 671086-1209, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabær.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er ráðgjöf og milliganga við kaup og sölu fasteigna, sem og kaup og sala eigin fasteigna og umsýsla þeirra og lánastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2020008992

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Aircontact Group Iceland ehf.***Kt.:* 480420-0390.*Heimili og varnarþing:* **Borgartúni 26, 105 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 24. febrúar 2020.*Stofnendur:* Aircontact Group AS (stofnandi), kt. 480420-9930.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 24. febrúar 2020.*Formaður stjórnar:* Johan Christopher S. Stenersen, kt. 280774-4809, Noregur. *Meðstjórnandi:* Arne Martin Gilberg, kt. 100667-2669, Noregur.*Firmað ritar:* Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Johan Christopher S. Stenersen.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Knútur Þórhallsson, kt. 230465-5419, Steinási 6, 210 Garðabær, Advant endurskoðun ehf., kt. 681015-3020, Laugavegi 178, 105 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er umboðsmennska og önnur umboðsþjónusta ásamt annarri skyldri starfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2020008993

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Kera Investments ehf.***Kt.:* 460420-0400.*Heimili og varnarþing:* **Viðimel 35, 107 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 11. mars 2020.*Stofnendur:* Ragnar Steinn Sveinsson, kt. 010496-2259, Hagamel 6, 107 Reykjavík, Ketill Sigurðarson, kt. 040796-2589, Hringbraut 45, 101 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 11. mars 2020.*Stjórnarmaður:* Ketill Sigurðarson. *Varastjórn:* Ragnar Steinn Sveinsson.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Ketill Sigurðarson.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Egill Þór Jóhannsson, kt. 050796-2729, Reynimel 47, 107 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Smásölu- og heildverslun, hönnun og önnur þjónusta seld í gegnum netverslun. Auk þess fjárfesting í fasteignum, verðbréfum og öðrum fjármálagerningum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2020008994

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **ivi ehf.***Kt.:* 480420-0200.*Heimili og varnarþing:* **Sjafnarbrunni 9, 113 Reykjavík.***Dagsetning samþykktar er:* 1. apríl 2020.*Stofnendur:* Ásta Kristín Bjartmars Santos, kt. 260783-5809, Sjafnarbrunni 9, 113 Reykjavík.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 1. apríl 2020.*Stjórnarmaður:* Ásta Kristín Bjartmars Santos. *Varastjórn:* Júlía Sif Hjaltadóttir Santos, kt. 060200-2890, Sjafnarbrunni 9, 113 Reykjavík.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Prókúruumboð:* Ásta Kristín Bjartmars Santos.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Árni Þór Hlynsson, kt. 140476-5799, Jónsgeisla 61, 113 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er heildsala og smásala með vörur, inn- og útflutningur, kaup og sala eigna, útleiga eigna, kaup og sala verðbréfa og almenn lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020008995

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **SJ1 ehf.**

Kt.: 460420-0750.

Heimili og varnarþing: **Mánatúni 13, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 2. mars 2020.

Stofnendur: Sindri Jóhannsson, kt. 280593-3899, Mánatúni 13, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. mars 2020.

Stjórnarmaður: Sindri Jóhannsson. Varastjórn: Arnar Már Davíðsson, kt. 080893-2489, Dugguvogi 3, 104 Reykjavík.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sindri Jóhannsson.

Prókúruumboð: Sindri Jóhannsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Árni Ólafur Hjartarson, kt. 230163-3329, Drangakór 1, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins kaup, sala, rekstur og útleiga eigin fasteigna. Almenn eignaumsýsla lánastarfsemi, fjárfestingar í hlutabréfum og annað sem framangreindri starfsemi fylgir.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020008996

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Falcon Invest ehf.**

Kt.: 460420-1560.

Heimili og varnarþing: **Hagamel 12, 107 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 14. febrúar 2020.

Stofnendur: Jóhann Haukur Hafstein, kt. 020279-4949, Hagamel 12, 107 Reykjavík, Björgvin Björgvinsson, kt. 110180-5789, Sunnubraut 8, 620 Dalvík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. febrúar 2020.

Formaður stjórnar: Jóhann Haukur Hafstein. Meðstjórnandi: Björgvin Björgvinsson.

Firmað ritar: Allir stjórnarmenn saman.

Framkvæmdastjórn: Björgvin Björgvinsson.

Prókúruumboð: Jóhann Haukur Hafstein, Björgvin Björgvinsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Lúðvík Þráinsson, kt. 311073-3549, Vesturvangi 11, 220 Hafnarfjörður.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala á fasteignum, verðbréfum og önnur skyld starfsemi svo og lánastarfsemi

og leiga íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, ráðgjöf og fjárfestingar og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020008997

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **JO Tech ehf.**

Kt.: 460420-1640.

Heimili og varnarþing: **Hlíðarvegi 21, 200 Kópavogur.**

Dagsetning samþykktar er: 17. janúar 2020.

Stofnendur: Jóhannes Friðrik Matthíasson, kt. 260874-5009, Hlíðarvegi 21, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 17. janúar 2020.

Stjórnarmaður: Jóhannes Friðrik Matthíasson. Varastjórn: Matthías Guðmundur Pétursson, kt. 181148-3819, Skyggnisholt, 851 Hella.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Jóhannes Friðrik Matthíasson.

Prókúruumboð: Jóhannes Friðrik Matthíasson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Guðmundsson, kt. 100557-3209, Flekkudal, 276 Mosfellsbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Umsýsla félaga.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020008998

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Ökukennsla HMT ehf.**

Kt.: 460420-1130.

Heimili og varnarþing: **Klukkuvöllum 6, 221 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 5. mars 2020.

Stofnendur: Daniel Einarsson, kt. 200883-4979, Klukkuvöllum 6, 221 Hafnarfjörður, Heiða Millý Torfadóttir, kt. 250584-2619, Klukkuvöllum 6, 221 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 5. mars 2020.

Formaður stjórnar: Daniel Einarsson. Meðstjórnandi: Heiða Millý Torfadóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Heiða Millý Torfadóttir.

Prókúruumboð: Daniel Einarsson, Heiða Millý Torfadóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Árni Ólafur Hjartarson, kt. 230163-3329, Drangakór 1, 203 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er ökukennsla á öllum stigum, námskeiðahald og umferðafræðsla, einnig rekstur fasteigna, lánastarfsemi, innflutningur og útflutningur og önnur skyld starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009000

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Garðavegur ehf.**

Kt.: 460420-0830.

Heimili og varnarþing: **Garðavegi 14, 900 Vestmannaeyjar.**

Dagsetning samþykktar er: 12. febrúar 2020.

Stofnendur: Kælifélagið ehf., kt. 470618-1080, Garðavegi 14, 900 Vestmannaeyjar, FF Fasteignir ehf., kt. 541116-0280, Miðhrauni 2, 210 Garðabær, Ársæll Sveinsson, kt. 160155-4699, Vesturvegi 11B, 900 Vestmannaeyjar.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 12. febrúar 2020.

Formaður stjórnar: Freyr Friðriksson, kt. 190676-5609, Háa-Múla, 861 Hvolsvöllur. Meðstjórnendur: Ársæll Sveinsson, Óskar Haraldsson, kt. 300476-5039, Sóleyjargötu 1, 900 Vestmannaeyjar.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Óskar Haraldsson.

Prókúruumboð: Óskar Haraldsson, Freyr Friðriksson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009001

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Tavici ehf.**

Kt.: 460420-1480.

Heimili og varnarþing: **Þrastarhöfða 2, 270 Mosfellsbær.**

Dagsetning samþykktar er: 2. mars 2020.

Stofnendur: Tomas Jakimavicius, kt. 010692-5209, Skipholt 21, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. mars 2020.

Stjórnarmaður: Tomas Jakimavicius. Varastjórn: Vilmantas Pekarskas, kt. 220590-6669, Vallá, 162 Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Tomas Jakimavicius.

Prókúruumboð: Tomas Jakimavicius.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Ricardas Januska, kt. 291072-2679, Skyggisbraut 10, 113 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er innflutningur og endursala á byggingavörum.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009002

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Aron Smiður ehf.**

Kt.: 460420-1800.

Heimili og varnarþing: **Goðahrauni 24, 900 Vestmannaeyjar.**

Dagsetning samþykktar er: 27. mars 2020.

Stofnendur: Alfa Markan Elfarsdóttir, kt. 070886-2439, Goðahrauni 24, 900 Vestmannaeyjar.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 27. mars 2020.

Stjórnarmaður: Aron Ingi Svansson, kt. 271290-2929, Goðahrauni 24, 900 Vestmannaeyjar. Varastjórn: Alfa Markan Elfarsdóttir.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Aron Ingi Svansson.

Prókúruumboð: Aron Ingi Svansson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Vigdís Sigurðardóttir, kt. 141173-5459, Áshamri 35, 900 Vestmannaeyjar.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn byggingarstarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009004

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Nordic Hard Brewing ehf.**

Kt.: 460420-0320.

Heimili og varnarþing: **Barmahlíð 3, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 2. febrúar 2020.

Stofnendur: Dagur Már Ingimarsson, kt. 030791-2669, Kapellustíg 3, 113 Reykjavík, Jón Marvin Pálsson, kt. 280992-3809, Barmahlíð 3, 105 Reykjavík, Hjörvar Gunnarsson, kt. 121092-3019, Vestmannabraut 68, 900 Vestmannaeyjar.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. febrúar 2020.

Formaður stjórnar: Dagur Már Ingimarsson. Meðstjórnendur: Hjörvar Gunnarsson, Jón Marvin Pálsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hjörvar Gunnarsson.

Prókúruumboð: Dagur Már Ingimarsson, Jón Marvin Pálsson, Hjörvar Gunnarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Haukur Jónsson, kt. 140492-3379, Strandvegi 30, 900 Vestmannaeyjar, Kjartan Guðjónsson, kt. 130892-3379, Álfamýri 58, 108 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 6.000.000 ISK

Tilgangur: Félagið er rekstrarfélag og er rekið í atvinnuskyni. Tilgangur félagsins er þróun á drykkjarvörum og vörumerkjum fyrir drykkjarvörur, ráðgjöf, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfsemi, kaup og sala eigna og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009005

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Af heilum hug ehf.

Kt.: 460420-1050.

Heimili og varnarþing: Brúalandi 19, 108 Reykjavík.

Dagsetning samþykktar er: 24. febrúar 2020.

Stofnendur: Elfa Þöll Grétarsdóttir, kt. 010275-4749, Brúalandi 19, 108 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. febrúar 2020.

Stjórnarmaður: Elfa Þöll Grétarsdóttir. *Varastjórn:* Ingunn Gísladóttir, kt. 150550-4919, Gnitaheiði 5, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Elfa Þöll Grétarsdóttir.

Prókúruumboð: Elfa Þöll Grétarsdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Árni Björn Birgisson, kt. 300548-3699, Fornhaga 24, 107 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að veita alhliða ráðgjöf og þjónustu á sviði hjúkrunarfræði, þar með talið forvarnir, heilsuefning og skyld starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009006

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Útgerðarfélagið Bjartmar ehf.

Kt.: 480420-0470.

Heimili og varnarþing: Áshamri 6, 900 Vestmannaeyjar.

Dagsetning samþykktar er: 19. mars 2020.

Stofnendur: Ólafur Vignir Magnússon, kt. 120293-3899, Áshamri 6, 900 Vestmannaeyjar, Andri Ólafsson, kt. 260685

-3339, Illugagötu 32, 900 Vestmannaeyjar, Benóný Friðriksson, kt. 250492-2519, Foldahrauni 40, 900 Vestmannaeyjar, Guðlaugur Gísli Guðmundsson, kt. 250100-2720, Höfðavegi 43C, 900 Vestmannaeyjar.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 19. mars 2020.

Formaður stjórnar: Andri Ólafsson. *Meðstjórnendur:* Ólafur Vignir Magnússon, Guðlaugur Gísli Guðmundsson. *Varastjórn:* Benóný Friðriksson.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Ólafur Vignir Magnússon.

Prókúruumboð: Ólafur Vignir Magnússon.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Guðmundur Þórður Ásgeirsson, kt. 170381-4919, Örvasölum 26, 201 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er útgerð smábáta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009007

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Hg 18 ehf.

Kt.: 470420-0490.

Heimili og varnarþing: Hófgerði 2, 200 Kópavogur.

Dagsetning samþykktar er: 20. febrúar 2020.

Stofnendur: La vita e bella ehf., kt. 620916-1290, Hófgerði 2, 200 Kópavogur.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 20. febrúar 2020.

Stjórnarmaður: Sigríður Hrund Pétursdóttir, kt. 120174-4529, Hófgerði 2, 200 Kópavogur. *Varastjórn:* Baldur Ingvarsson, kt. 210671-4559, Hófgerði 2, 200 Kópavogur.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Sigríður Hrund Pétursdóttir.

Prókúruumboð: Sigríður Hrund Pétursdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Unnur Rán Halldórsdóttir, kt. 020167-5999, Laugarnesvegi 96, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, leiga íbúðarhúsnæðis, leiga atvinnuhúsnæðis, lánastarfsemi og önnur sambærileg starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2020009008

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr. sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 26. mars 2020 Bókun endurskoðun slf., kt. 601219-0850, Skútuvogi 1e, Reykjavík, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðendaráð,
16. apríl 2020.

(2020009019

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Auglýsing um veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrirtæki

Með vísan til 7. mgr. 4. gr. sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, tilkynnist hér með að endurskoðendaráð veitti þann 26. mars 2020 Ráðgjöf og eignausjón ehf., kt. 631213-1890, Kópavogsbakka 10, Kópavogi, starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki skv. lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðendaráð,
16. apríl 2020.

(2020009020

Útgáfud.: 15. apríl 2020

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslenskir Aðalverktakar hf., kt. 660169-2379, Keflavíkurflugvelli, 235 Reykjanesbær
Stefndi/-u: Björgvin Viktor Þórðarson, kt. 271085-2579, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð:

Undirrituð/undirritaður, Anna Svava Þórðardóttir lögmm., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur:

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.165.063, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 242.061 frá 10. október 2018 til 25. október 2018, af kr. 1.165.063 frá 25. október 2018 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður:

Krafa stefnanda er byggð á 8 reikningum.

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	27. september 2018	10. október 2018	68.952

2.	28. september 2018	10. október 2018	173.109
3.	3. október .2018	25. október 2018	112.012
4.	4. október 2018	25. október 2018	10.183
5.	5. október 2018	25. október 2018	71.280
6.	8. október 2018	25. október 2018	81.463,
7.	9. október 2018	25. október 2018	104.616
8.	10. október 2018	25. október .2018	543.448

Stefnandi er alhliða verktakafyrirtæki á sviði bygginga-, mannvirkja- og jarðvinnuframkvæmda og er leiðandi fyrirtæki á öllum sviðum mannvirkjagerðar. Einnig selja þeir jarðvegsefni. Ofangreindir reikningar eru vegna kaupa stefnda á jarðvegsefni af stefnanda á tímabilinu september - október 2018, eins og lýst er í framlögðum reikningum. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Áskilinn er réttur til frekari framlagningar gagna ef þurfa þykir.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. Liðar 89. Gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús og ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingarblaðinu.

Lagatilvísanir:

Vísad er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 45., 47. og 54 gr. laga nr. 50/2000 og lögum nr. 42/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. laga nr. 50/2000.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikningar.

Áskorun og viðvörðun:

Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður að/i dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 28. maí 2020, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnuþingur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. apríl 2020.

f.h. stefnanda,

Anna Svava Þórðardóttir lögmm.

(2020008640

Útgáfud.: 15. apríl 2020

Stefna - til ógildingar á tryggingabréfi**Símon Sigvaldason,****dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Trausti Ágúst Hermannsson lögmaður, Málþingi Lögmannsstofu, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Bjargfasta ehf., kt. 480508-1570, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík, að höfða mál til ógildingar glataðs tryggingabréfs með veði í fasteigninni, Flugskýli nr. 1, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík (F2029371).

I. Aðili máls: Stefnandi: Bjargfastur ehf., kt. 480508-1570, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík.

II. Málflutningsumboð: Trausti Ágúst Hermannsson lögmaður, Málþingi Lögmannsstofu, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Dómkröfur: Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur í málinu: Að ógilt verði með dómi tryggingarbréf að fjárhæð kr. 240.000.000, útgefið þann 9. júlí 2008 til Bjargfasts ehf., kt. 480508-1570, af Flugfélaginu Atlanta ehf., kt. 650387-1639, með 1. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Flugskýli nr. 1, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík (F2029371).

IV. Málsatvik og helstu málsástæður: Stefnandi kveður málavexti vera þá að þann 9. júlí 2008 hafi Flugfélagið Atlanta ehf., gefið út framangreint tryggingabréf til handa stefnanda, að upphaflegri fjárhæð kr. 240.000.000. Til tryggingar öllum skuldum sem útgefandi var í við stefnanda, hvaða nafni sem þær nefndust, var með tryggingabréfi stefnanda sett að veði fasteignin Flugskýli nr. 1, Reykjavíkurflugvelli, Reykjavík (F2029371).

Var tryggingabréfinu þinglýst á hina veðsettu eign (þinglýsinganúmer 005230-2008).

Stefnandi sem er eigandi bréfsins telur það glatað og hefur það ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit og eftirgrennslan. Stefnanda hefur ekki tekist að fá veðréttindum sínum yfir fasteigninni aflýst vegna þessa, enda gat stefnandi ekki framvísað frumriti bréfsins gagnvart þinglýsingarstjóra og var hafnað um aflýsingu.

Með vísan til framangreinds telur stefnandi nauðsynlegt að höfða mál til ógildingar á bréfinu þannig að unnt verði að aflýsa veðréttindum stefnanda yfir framangreindri fasteign. Stefnandi hefur staðfest að tryggingarbréfið hafi verið gefið út til stefnanda og að stefnandi hafi að engu leyti framselt réttindi sín samkvæmt bréfinu.

Þar sem ekki sé mögulegt að fá tryggingarbréfið leyst úr veðböndum þeirrar fasteignar sem það hvílir á án frumrits veðskuldabréfsins eða ógildingardóms sé stefnanda sem þinglýstum eiganda eignarinnar nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi.

VI. Lagarök: Stefnandi byggir mál þetta á ákvæðum 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála varðandi varnarþing í þessu máli og heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar svo og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga um birtingu. Um stefnufrest er vísað til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

VII. Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Stefnu þessa.

Afrit tryggingabréfs, útg. 9. júlí 2008.

Veðbandayfirlit fasteignarinnar Flugskýli nr. 1, Reykjavíkurflugvelli, (F2029371).

Staðfesting á birtingu stefnu þessarar í Lögbirtingablaði.

IV. Fyrirkall: Fyrir því er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, kl. 10.00 þann 26. maí 2020, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu tryggingarbréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 3. apríl 2020.

F. h. Símon Sigvaldasonar dómstjóra,

Arna Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2020008641

Útgáfud.: 17. apríl 2020

Stefna - til ógildingar á skuldabréfum og tryggingabréfi**Dómstjóri héraðsdóms Vesturlands,****Ásgeir Magnússon,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Arnþór Gylfi Árnason, viðskiptafræðingur, að hann þurfi f.h. Tourist Online ehf., kt. 700309-0370, Austurholti 8, Borgarnesi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands til ógildingar á tveimur skuldabréfum og einu tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi, tvö veðskuldabréf og eitt tryggingarbréf útgefin í Reykjavík 22. desember 2013 (skjöl skv. liðum A, B og C, sjá hér að neðan). Tilgreind skjöl A, B og C hvíla á fasteigninni Hafnarfjall 2, Hvalfjarðarsveit, fasteignanr. F2221224/ 01 0101.

- A. Veðskuldabréf 1 (þingl. skjal nr. 413-M-000313/2014) að höfuðstól kr. 4.000.000 útgefið af stefnanda í Reykjavík 22. desember 2013 til Mótél Venus ehf., kt. 630296-2699. Bréfið hvílir á 6. veðrétti á Hafnarfjalli 2. Skuldabréfið átti að greiðast með fjórum afborgunum í ágúst ár hvert frá 2015. Skuldabréfið kvað á um 5% vexti og var verðtryggt með neysluvísitölu og grunnvísitala var 412,4 stig.
- B. Veðskuldabréf 2 (þingl. skjal nr. 413-M-000314/2014) að höfuðstól kr. 750.000 útgefið af stefnanda í Reykjavík 22. desember 2013 til Mótél Venus ehf., kt. 630296-2699. Bréfið hvílir á 8. veðrétti á Hafnarfjalli 2. Skuldabréfið átti að greiðast með fjórum afborgunum í ágúst ár hvert frá 2015. Skuldabréfið kvað á um 5% vexti og var verðtryggt með neysluvísitölu og grunnvísitala var 412,4 stig.

C. Tryggingarbréf (þingl. skjal nr. 413-M-000315/2014) að höfuðstól 1.500.000 útgefið af stefnanda í Reykjavík 22. desember 2013 til seljenda Hótel Brúar nú Hafnarfjall 2. Veðhafi skv. veðbókarvottorði er Guðmundur H. Ólafsson. Tryggingarbréfið hvílir á 9. veðrétti á Hafnarfjalli 2 og er án vaxta og vísitölutryggingar.

Málsástæður og önnur atvik: Ofangreind veðskjöl glötuðust í flutningum á árinu 2018. Frumrit beggja skuldabréfanna auk tryggingarbréfsins hafa ekki fundist þrátt fyrir mikla leit.

Veðskuldabréfunum og tryggingarbréfinu var þinglýst á Hafnarfjall 2 skv. kaupsamningi um eignina dags. 22. desember 2013, til að tryggja greiðslu kaupverðsins og efndir varðandi Laugateig 24, sem var hluti af greiðslu kaupverðs Hafnarfjalls 2, skv. kaupsamningi, sbr. Greiðslutilhögun A skv. kaupsamningi um eignina. Nafnvirði þessara greiðslna var kr. 4.750.000 og skyldi greiðast á 5 árum. Afsali vegna Hafnarfjalls 2 var þinglýst 20. desember 2014.

Greiðslum til eigenda skuldabréfanna í samræmi við óskir þeirra um greiðslumáta og bankareikninga voru inntar af hendi á tímabilinu frá 14. ágúst 2015 til 5. apríl 2019 samtals kr. 6.010.555, sbr. framlögð skjöl.

Stefnandi og eigendur skuldabréfanna eru sammála um að skuldabréfin eru uppgreidd með vísan til framlagðra skjala.

Með vísan til ofangreindra málsatvika er stefnanda nauðsynlegt að fá fyrrgreind veðskuldabréf og tryggingarbréfið ógilt með dómi svo hægt verði að aflýsa þeim af fasteigninni Hafnarfjalli 2, Hvalfjarðarsveit.

Málflutningsumboð: Ingi Tryggvason lögmaður, kt. 190262-2009, Borgarbraut 61, Borgarnesi, fer með mál þetta f.h. stefnanda.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 120. og 121. gr. og um stefnufrest vísar stefnandi til 3. mgr. 91. gr. laganna. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit tveggja veðskuldabréfa.
4. Ljósrit tryggingarbréfs.
5. Kaupsamning um Hafnarfjall 2.
6. Yfirlit um greiðslur.
7. Veðbókarvottorð.
8. Staðfesting á birtingu stefnu þessarar í Lögbirtingablaðinu.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreind veðskuldabréf og tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, er mál þetta verður þingfest, sem háð verður í dómsal réttarins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 2. júní 2020 kl.

14.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna og/eða tryggingarbréfsins, þar sem ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfanna og tryggingarbréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Borgarnesi, 7. apríl 2020.

Ásgeir Magnússon dómstjóri.

(2020008918

Útgáfud.: 17. apríl 2020

Stefna - til útgáfu skiptayfirlýsingar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: S. Elfa Bergsteinsdóttir, kt. 290757-4879, Kristnibraut 16, Reykjavík.

Stefndi: Hörður Þórðarson, kt. 101068-5609, erlendis.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi gefi út skiptayfirlýsingu til þinglýsingar um að fasteignin Kristnibraut 16, F225-4845, hafi komið í hlut stefnanda við fjárskipti milli aðila skv. fjárskiptasamningi dags. 30. mars 2017 sem staðfestur var í skilnaðarmáli nr. 201711-2960 hjá embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik og málsástæður: Aðilar málsins gengu í hjúskap þann 11. nóvember 2011 en þau hófu sambúð árið 1992. Þau festu kaup á fasteigninni að Kristnibraut 16 í Reykjavík í mars 2014. Aðilar slitu samvistir 1. janúar 2017 og undirrituðu þau af því tilefni fjárskiptasamning skv. 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Fjárskiptasamningur aðila var lagður fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í máli í tilefni af útgáfu leyfis aðila til skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. laga nr. 31/1993. Staðfesti stefndi fjárskiptasamning aðila fyrir fulltrúa sýslumanns þann 10. nóvember 2017 og stefnandi staðfesti fjárskiptasamninginn þann 24. nóvember 2017 og var leyfi til skilnaðar að borði og sæng gefið út þann dag. Frá þeim tíma hafa báðir aðilar efnt ákvæði fjárskiptasamningsins að frátöldu því atriði er mál þetta varðar.

Í 3. gr. fjárskiptasamnings aðila um skiptingu eigna og skulda kemur fram að aðilar séu sammála um að fasteignin að Kristnibraut 16 komi í hlut stefnanda og félögin Lausn hugbúnaður ehf., Lausn hýsing ehf. og Lausn Bangladesh Offshore komu í hlut stefnda. Félögin voru hjúskapareignir stefnda en fasteignin var í sameign aðila til helminga. Var því tekið fram í 3. gr. samningsins að gefin skyldi út skiptayfirlýsing um að fasteignin að Kristnibraut 16 kæmi að fullu í hlut stefnanda.

Í ljós kom um tveimur árum eftir undirritun fjárskiptasamningsins að téð skiptayfirlýsing hafði aldrei verið undirrituð og þinglýst og er stefndi því enn þinglýstur sem eigandi helmingshlutar í fasteign stefnanda. Embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hefur hafnað því að þinglýsa fjárskiptasamningnum í heild sinni en stefndi hefur síðustu ár ekki verið búsettur á Íslandi og hefur hann hafnað því að koma til landsins og gefa út skiptayfirlýsingu til

þinglýsingar eða prenta út slíka yfirlýsingu, undirrita og senda til landsins. Er stefnanda því nauðugur einn sá kostur að höfða mál til útgáfu slíkrar yfirlýsingar.

Lagatilvísanir: Um lagarök er vísað til meginreglna samninga og kröfuréttar auk viðeigandi ákvæða hjúskaparlaga nr. 31/1993. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. og 35. gr. laga nr. 91/1991. Um stefnubirtingu er vísað til a. og b. liðar 1. mgr. 89. gr. laganna.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram fjárskiptasamning, endurrit úr hjónaskilnaðarbók og tölvupóstsamskipti.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að verða við stefnukröfum nú þegar eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu Lækjartorgi, þann 19. maí 2020, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins er von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 16. apríl 2020.

S. Elfa Bergsteinsdóttir.

(2020008919

Útgáfud.: 20. apríl 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbankinn hf. Austurstræti, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Stefndi/-u: Svava Helga Carlsen, kt. 220171-3619, 1370 Vallejo Way, Sacramento, CA 95818-3450, USA og Paulino Rene Dias, kt. 050465-2689, 1335 39th St, Sacramento, CA 95816-6717, USA.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 29.731.763, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 29.731.763 frá 1. maí 2019 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt meðfylgjandi málskostnaðarreikningi, meðal annars vegna útlagðs kostnaðar og að teknu tilliti til virðisaukaskattskyldu lögmanna, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á veðskuldabréfi nr. 0101-36-120227 útgefnu af stefndu, Svövu Helgu Carlsen og Paulino Rene Dias, til Landsbankans hf. Bréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 31.000.000, krónur þrjátíuogseinmilljón, útgefnu 16. mars 2016, verðtryggt m.v. grunnvísitölu neysluverðs 428,3,

lánstími 25 ár, fjöldi afborgana 300, gjalddagi fyrstu afborgunar þann 1. maí 2016, áhvilandi á 1.veðrétti fasteignarinnar Haukanes 16, Garðabæ, fnr. 207-0347.

Skv. 12. gr. skilmála skuldabréfsins bar útgefanda að greiða dráttarvexti á gjaldfallna fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 ef afborgun væri ekki greidd á gjalddaga. Þá var Landsbankanum heimilt að gjaldfella skuldina fyrirvaralaust og án uppsagnar ef útgefandi greiddi ekki afborgun, vexti og/eða verðbætur á gjalddaga af skuldabréfinu skv. 13. gr. skilmála.

Skuld stefndu er til komin vegna ógreiddra afborgana af skuldabréfinu samkvæmt skilmálum þess. Elsti gjalddagi í vanskilum er 1. maí 2019 og voru stefndu sendar greiðsluáskoranir þann 13. ágúst 2019 þar sem fram kemur að lánið hafi verið gjaldfellt 1. maí 2019. Eftirstöðvar þann dag voru kr. 29.636.679. Áfallnir sammingsvextir þann dag voru kr. 95.084, eða samtals kr. 29.731.763, sem er stefnufjárhæðin.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnda Svava er sögð búsett í Bandaríkjunum en stefndi Paulino utangarðs, skv. upplýsingum úr þjóðskrá. Reynd var birting nokkrum sinnum, síðast þann 1. maí 2020 á því heimili sem talið er að stefndu séu búsett í USA, einnig voru reyndar birtingar á meintum dvalarstað stefndu á Íslandi en stefnda Svava er þinglýstur eigandi fasteignarinnar, voru þær birtingar árangurslausar eins og sjá má af gögnum málsins. Þrátt fyrir að stefnandi hafa beitt öllum úrræðum þá hefur ekki verið hægt að hafa upp á stefndu og á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði samkvæmt heimildum 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skv. 21.gr. skilmála skuldabréfsins má reka mál vegna skuldabréfsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt reglum 17.kafla laga nr. 91/1991.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglna sammingsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga. Einnig er vísað til vanefndaákvæða skuldabréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 42. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingarblaði skv. heimild í 89. gr. laga nr. 91/1991

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram skuldabréf, stöðu láns, greiðsluáskoranir, úptrentanir úr þjóðskrá og málskostnaðarreikning til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda/u tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg Reykjavík, dómsal 102., þann 4. júní 2020, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnuþrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 27. mars 2020.
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Arndís Sveinbjörnsdóttir hdl.

(2020008986

Útgáfud.: 17. apríl 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. apríl 2020 í máli L-2381/2020, var Jóhann Bergur Jóhannsson, kt. 060300-2160, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 16. apríl 2020.
Barbara Björnsdóttir héraðsdómari.

(2020008923

Útgáfud.: 21. apríl 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands 17. apríl 2020, var Þórarinn Oddsson, kt. 080663-3239, sviptur fjárræði í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Borgarnesi, 20. apríl 2020.
Guðfinnur Stefánsson aðstoðarmaður dómara.

(2020009040

Útgáfud.: 22. apríl 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. apríl 2020 í máli L-2046/2020, var Erla Hjartardóttir, kt. 211136-2009, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 20. apríl 2020.
Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari.

(2020009053

Útgáfud.: 15. apríl 2020

Leiðrétting Tryggingastofnunar á réttindum dánarbúa ellilífeyrisþega í samræmi við dóm Landsréttar í máli nr. 466/2018

Tryggingastofnun hefur afgreitt til útgreiðslu leiðrétt réttindi til þeirra dánarbúa ellilífeyrisþega sem eiga réttindi fyrir janúar og febrúar 2017 í samræmi við dóm Landsréttar í máli nr. 466/2018. Leiðrétt réttindi bera 5,5% vexti.

Bréf hafa verið send til forsvarsmanna dánarbúa með nánari upplýsingum um útgreiðslu réttinda. Forsenda greiðslu er fullnægjandi umboð og upplýsingar um bankareikning umboðsmanns viðkomandi dánarbús.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um forsvarsmenn dánarbúa eða erfingja í öllum tilvikum og því er hér með skorað á þau dánarbú ellilífeyrisþega sem telja sig eiga leiðrétt réttindi hjá stofnuninni fyrir janúar og febrúar 2017 vegna framangreinds dóms að framvísa ofangreindum gögnum svo hægt sé að greiða þau.

Tryggingastofnun.

(2020008625

Útgáfud.: 15. apríl 2020

Auglýsing um friðlýsingu æðarvarps í umdæmi Sýslumannsins á Norðurlandi vestra

Friðlýst æðarvarp í landi Hafna á Skaga í Skagabyggð (lnr. 145845).

Að beiðni landeiganda og með vísan til 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996 er friðlýst æðarvarp í Landey og Grunney í landi Hafna á Skaga í Skagabyggð, landnr. 145845 svo og með ströndinni frá miðjum Haga vestur að Hjallanesi.

Hnitasett ljósmynd af hinu friðaða svæði sem staðfest er af byggingarfulltrúa liggur frammi í skrifstofu embættisins og einnig má nálgast hana á vefsíðunni „sýslumenn.is“.

Friðlýsing þessi gildir í 10 ár frá birtingu í Lögbirtingablaðinu.

Blönduósi, 6. apríl 2020.
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra,
Bjarni Stefánsson.

(2020008626

Lögbirtingablað,
38. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.